

sunnudaginn 6. apríl kl. 20.30
mánudaginn 7. apríl kl. 20.30

Dvorák tónleikar

í Seltjarnarneskirkju

Moravískir dúettar op. 32

flytjendur

Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran

Ingveldur Ýr Jónsdóttir mezzósópran

Peter Maté píanóleikari

Messa í D-dúr op. 86

flytjendur

Selkórinn

Dagný Björgvinsdóttir orgelleikari

Stjórnandi: Jón Karl Einarsson

Antonín Dvorák tónskáld

Antonín Dvorák fæddist 1841 í Nelahozeves, skammt suður af Prag. Hann var strax í æsku umvafinn alþýðlegri tónlist, lærði snemma fiðluleik og söng en síðar orgelleik. Upp úr tvítugu starfaði hann um skeið sem fiðluleikari í hljómsveit Þjóðleikhússins í Prag, meðal annars undir stjórn Smetana. Síðar varð hann dómorganisti en síðustu áratugi ævi sinnar stjórnaði hann tónlistarskólum, bæði vestanhafs og í heimalandi sínu. Hann lést í Prag 1904.

Dvorák er þekktur fyrir margvíslegar tónsmíðar - kammerverk, konserta, hljómsveitarverk, óperur og sönglög - sem orðið hafa vinsælar. Þjóðleg einkenni slavneskrar tónlistar koma fram í mörgum verkum hans en frísklegt og sterkt tónmálið var þó engan veginn einskorðað við þjóðleg einkenni. Einna þekktust af verkum hans eru Slavneskir dansar frá 1878 og Sinfónía frá nýja heiminum frá 1893. Af trúartónlist má nefna Stabat Mater frá 1877.

Dúettarnir sem Ingibjörg Guðjónsdóttir og Ingveldur Ýr Jónsdóttir syngja nú á tónleikunum við undirleik Peters Maté eru úr röð 23ja dúetta sem Dvorák samdi á árunum 1875-1877 fyrir tilstilli stórkaupmannsins Jans Neff í Prag. Upphafleg hugmynd Neffs var að Dvorák mundi útsetja nokkrar þjóðvísur frá Moravíu við píanóundirleik en niðurstaðan varð sú að tónskáldið samdi ný lög við vísurnar. Vísurnar eru hér sungnar í íslenskri þýðingu Böðvars Guðmundssonar. Dúettarnir glöddu kaupmanninn tónelska og fjölskyldu hans eins og nærri má geta, en vöktu einnig athygli sjálfs Jóhannesar Brahms sem kynntist þeim þegar hann sinnti dómarastörfum í tónsmíðakeppni. Hann lagði að útgefanda sínum að gefa þá út - sem mun hafa haft mikilvæg áhrif á feril og frama Dvoráks.



